
Lengi hefur staðið til á þessum síðum að vekja athygli á yfirlitssýningu á litlu broti af lífsstarfi **Harðar Ágústssonar** sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. **Hannes Lárusson** skoðaði sýninguna.



Teikning Harðar af dómkirkjunni í Skálholti.

Spámaður í sínu föðurlandi

Það er oft haft á orði þegar listir eru annars vegar að tíminn og sagan leiði í ljós hvert raunverulegt gildi verkanna sé. Samtímamenn hafa það þó gjarnan í undirmeðvitund sinni hvað muni trúlega vera markverðast og hverjir hafi neistann. Ekki er þar með sagt að tipplað sé á tánum í kringum slíka menn í innihaldslausu dekri og látalátum, öðru nær, oft er á þá lagt alls konar vesen, mótdrægni og sinnuleysiskergja; kannski einmitt af því að undir niðri grunar menn að hina raunverulegu umbun sé einungis að finna í vel unnu verki.

Í sýningarskrá á yfirlitssýningu á verkum Harðar Ágústssonar eru leidd að því gild rök að Hörður eigi að baki frábært verk á sviði sjónlista á afar breiðum grundvelli. Mér sýnist einkum þrennt liggja árangursríku framlagi hans til grundvallar.

Fyrsta og annað

Í fyrsta lagi er það skýrleiki. Í flestum verkum Harðar er að finna áberandi skerpu í framsetningu, tækni og hugsun. Textar hans eru meitlaðir, algerlega án tilgerðar eða sýndarmennsku en hverfast þétt um leiðandi hugsun. Í myndverkum hans og hönnun er eins og blýanti, penna, pensli eða límbandi sé beitt sem rakhnífur væri.

Í öðru lagi er það einurð, sá hæfileiki að geta þaullegið yfir viðfangsefnum og þannig skyggnst inn í eðli þeirra og grundvöll. Hvergi kemur þetta skýr-ar fram en í rannsóknum Harðar á íslenskri byggingararfleifð sem eru slíkar á breidd og dýpt að halda mætti að þar væri um að ræða áratugavinnu heillar stofnunar fremur en eins manns verk.

Það þriðja

Í þriðja lagi virðist mér öll verk Harðar byggja á ástríðu. Textar hans og myndverk eru innblásin og full af lífi og alúð, ávallt opin fyrir tilraunum og nýjum möguleikum. Sjónlist Harðar er miðlandi og í þeim býr ástríðufull en yfirveguð trú á betri heim.

Þeir sem leggja leið sína á Kjarvalsstaði til að skoða sýnishorn af verkum Harðar Ágústssonar ættu að hafa þessa þrjá þætti í huga og gefa því gaum hvernig þeir kristallast í verkum hans og fordæmi.

Á sýningunni er að finna afar framsækin og snjöll geómetrísk verk sem rekja má allt aftur til fyrri hluta sjötta áratugarins og náðu hámarki í einni eftirminnilegustu sýningu síðustu áratuga „Úr lit og formsmiðju“ á Kjarvalsstöðum 1976. En drjúgur hluti þeirra verka, sem mörg voru unnin með lituðum límböndum, er nú aftur til sýnis á sama stað.

Sýningarskrá

Þá er sýningarskrá þeirrar sýningar vafalaust með því allra stílhreinasta sem gert hefur verið á því sviði hérlendis. Einnig gefur hér að líta athyglisverð sýnishorn af hönnun Harðar, auglýsingagerð og bókaskreytingum en á því sviði var hann um sumt frumkvöðull og brautryðjandi. Hér eru einnig nokkur ágæt sýnishorn af vönduðum húsateikningum hans og ljósmyndum af sama efni, en fer þá heldur betur að þrengjast um í vestursalnum sem er miður því skoðun, rannsóknir og túlkun Harðar á íslenskri byggingaarfleifð er viðamesti og líklega heilsteyptasti þátturinn í sköpunarstarfi hans.

Sýningarstjórn

Aðstandendur sýngarinnar, þeir Eiríkur Þorláksson, Pétur H. Ármannsson og Guðmundur Oddur Magnússon hafa allir unnið harla gott verk í samsetningu sýningarinnar. Umhugsunarefni er þó hvort ekki hefði verið réttara að leggja allt sýningarrými Kjarvalsstaða undir sýningu sem reyndar er nefnd því mikilúðlega nafni „Endurreisnarmaður íslenskra sjónmennta“. Þeir Helgi Hjaltalín og Pétur Örn hefðu vel haft efni á því að bíða í nokkra mánuði með annars áhugaverða sýningu sína í miðrýminu og hvíla hefði mátt sýningu Kjarvals í austursalnum á meðan.

Meira pláss

Myndlist Harðar hefði léttilega fyllt vestursalinn, hönnun hans miðrýmið og byggingalist hans og húsasaga austursalinn, enda framlag Harðar Ágústsonar til íslenskrar sjónlistar og myndmenningar slíkt að Jóhannes Kjarval hefði sjálfur vafalaust ekki hikað við að lána honum allt húsið í nokkrar vikur; – kannski dugar þrátt fyrir allt ekki til að vera spámaður í sínu föðurlandi.

Hannes Lárusson

Nýstárleg og ögrandi sviðsetning á aldargömlu verki eftir sjálfan Strindberg! Er hann ekki hundleiðinlegur, stífur og sænskur í þokkabót? Í Borgarleikhúsinu var hann testaður á föstudagskvöldið og reyndist sprellifandi í meðförum yngri og eldri leikara.

Drottinn dreymi



Liðsforinginn verður þrír hermenn sem skemmta sér við pyntingar í stríðinu okkar meðan dóttir guðs horfir á í sendiferð sinni til að kynnast meinum og kveinum mannanna.

Leikfélag Reykjavíkur í samstarfi við Listaháskóla Íslands sýnir á Stóra sviði Borgarleikhússins: Draumleikur eftir Ágúst Strindberg. Þýðandi: Hafliði Arngrímsson. Leikstjórn og leikgerð: Benedikt Erlingsson. Leikmynd: Gretar Reynisson. Búningar: Stefanía Adolfsdóttir. Lýsing: Lárus Björnsson. Tónlist: Pétur Þór Benediktsson. Gervi: Guðrún Þorvarðardóttir. Hljóð: Jakob Tryggvason og Pétur Þór Benediktsson . Leikendur: Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, Pétur Einarsson, Guðmundur Ólafsson, Halldór Gylfason, Atli Þór Albertsson, Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Björn Ingi Hilmarson, Halldóra Geirharðsdóttir, Oddný Helgadóttir, Guðrún Ásmundsdóttir, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Guðjón Davíð Karlsson, Theodór Júlíusson, Orri Huginn Ágústsson. Frumsýning 11. mars 2005.

Sjö leikarar Leikfélagsins mættu níu lokaársnemum í leiklistardeild Listaháskólans. Umsjón sviðsetningar var í höndum Benedikts Erlingssonar sem sneri heim skamma hríð til að koma leikgerð sinni á styttum Draumleik Strindbergs á svið, þessu byltingarkennda og nútímalega verki sem er komið vel á annað hundraðið, skrifað 1901.

Benedikt er flinkur maður, snjall og persónulegur leikari með háskalega þungan og hættulegan tón í bland við hreinan trúðskap. Hann hefur sett nokkrar leiksýningar á svið, þekktasta tvíleik sinn eftir Gunnlaugs sögu Ormstungu, en síðar verk á borð við Skáldanótt, And Björk.., Fyrst er að fæðast og loks Vetrarævintýri.

Að vinna skissur

Sýningar Benedikts hafa tekið á sig einkenni hans: hann keyrir verkin áfram af hraða, stráksskap, er heillaður af samlíkingu lífs og leiks, hann ítrekar fáa drætti í persónusköpun leikaranna, nánast skissar þá, vill gjarna tengja leiksýninguna lífinu utan salarins og hrekkir markvisst áhorfendur með því að krossa skil leikrýmis og áhorfendasvæðis. Allt er þetta til staðar í Draumleik.

Sér til samstarfs hefur hann valið Gretar Reynisson sem alltaf setur sterkan svip á þær sýningar sem hann kemur nálægt með formlegum eigindum leikrýmis og einföldum lausnum sem fela oftast í sér skýra sögn um textann og heim hans. Gretar teiknar upp atriðin í skissum, nánast teiknar leiksýninguna frá upphafi til enda. Hann hefur afar sterkan stíl og mótar niðurskipan á sviðið af þjálfuðu auga myndlistarmannsins. Sýningar hans lifa í myndum löngu eftir að þeim er lokið.

Til sóma

Einn af þeim prúðu eljumönnum sem hefur unnið Leikfélaginu mikið gagn er Lárus Björnsson ljósahönnuður – ljósameistari væri réttasta orð um hann eins og tíðkaðist hér fyrrum. Hann er kallaður til að gera sýningunni ljósheim sem hann gerir glæsilega. Líka eru mættar Stefanía Adolfsdóttir búningameistari og Guðrún Þorvarðardóttir gervameistari. Þessi þrjú eru öll innanbúðarmenn í Borgarleikhúsinu.

Það að þessi sýning er skrambi góð og gæti varla átt betur við okkar tíma verður að skrifast á reikning þessa liðs, fyrst og fremst.

Ungir og gamlir

Það er raunar afar undarlegt að steypa saman í svona erfitt verk nýgræðingum og fólki sem sumt hefur staðið á sviði í meira en hálfa öld. Úrvinnsla Benedikts leggur ekki megináherslu á nemana, verkið er ekki valið til að gefa þeim bitastæðustu partana. Þeir sem yngstir eru í leikhóp LR í sýningunni eru Halldór Gylfason og Halldóra Geirharðsdóttir. Þau eru með gífurlega sviðsreynslu á þessu stóra sviði sem krakkarnir hafa enga. Hringur og flug eru í mikilli notkun en með fáum einföldum ráðum.

Sýningin er afar hröð, sprengd áfram af eldsneyti Strindberg um ævarandi örlög hins borgaralega lífs – örlög okkar – hér og nú. Það sem gerir hana góða er grundvöllur persónusköpunar sem er hraðsoðinn, staldrar ekki við dýpri mið en tekur erkitýpur sem gefnar. Þetta eru feikilega margar persónur og hafa sumar ekki andlit heldur þjóta hjá í hvirfli hugmynda – eins og eindir í óreiðu umhverfis kjarna. Leikmyndin er reyndar það. Tóm kúla sporbauga á þriðju mannhæð sem veltur og lyftist. Í senn stjarnlíkan, megingjarðir jarðar og mólekúl.

Dóttir guðs kemur til jarðar

Inn í þennan óreiðuheim er Agnesi dóttur guðs hent, hann situr sjálfur og sefur á fyrsta bekk meðal áhorfenda og dreymir jarðarför hennar en hún vill kynnast heimi mannanna og máli þeirra – kveininu. Manneskjan á svo ósköp bágt. Benedikt hefur stytt textann mikið, skorið úr honum mystíkina, hvesst hann og hert. Þýðing Hafliða færir tungutakið að hversdagsmáli.

Hinum hátíðlega texta er úthýst í íslensku leikhúsi vegna þess að leikhússtjórar og leikstjórar vantreysta áhorfendum, leikarar þora ekki að kljást við hann og því er tungutakinu sem hljómkviðu vísað út en horfið á svið talsmáta sem býr yfir þröngum merkingarmiðum. Er það þess vegna sem bæta verður tónlist í allar sýningar til að styrkja boð stemningar og glæða þær tónmáli?

Meira að sjá og heyra

Hvernig renna svo þeir þjálfuðu saman við hina óreyndari? Ljómandi vel. Það er einn kostur að Benedikt hefur skapað aðstæður til jafningjafræðslu: hópurinn rennur vel saman, fólk hefur ekki tíma til að láta eftir sér kækina nema að litlu leyti og þeir fyrirgefast í áhugaverðri aðferð og glæsilegu útliti: en vitaskuld eru skiptin í mörgum tilvika ójöfn.

Ég hefði viljað sjá meira af Orra og Söru: Ólafur Steinn, Aðalbjörg og Atli taka á sig þríeitt hlutverk liðsforingjans og tengja okkur með óvæntum hætti við stríðið okkar í Írak, en við greinum í raun ekki vel hve geta þeirra í raun er eftir kvöldið, hlutverkin ná svo skammt.

Leiklist

Meira fá þeir Jóhannes og Guðjón að reyna, jafnvel Oddný að ógleymdri Jóhönnu sem er meira og minna á sviðinu allan tímann í undarlega statískri líkamlegri túlkun og má telja umdeilanlega: Lagar dóttir guðs sig í engu að óreiðunni og meinsemi mannanna?

Böndin milli okkar

Aðalatriðið er að hér gefur að líta leikhóp sem er hispurslaus í þátttöku sinni með fólki sem gefur þeim ekkert eftir í smáum rullum og stórum. Upphaflegum erindum persóna er vel fylgt inn í nútímalega samsvörun svo það verður á köflum óþægilegt: hið áhrifamikla hlutverk konunnar sem límir og límir fær algerlega nútímalega vídd með einni límbandsrúllu. Brilljant.

Og það eru fleiri slík dæmi: gulu bönd lögreglunnar í einangrun pestarinnar á sumardvalarstaðnum er annað dæmi, gamla konan sem þvær sviðið í leikhúsinu á stórri bónvél, notkun á lyftara í tvígang – þetta eru snjallar lausnir og einfaldar en tala skýru máli í samræmi við efni textans. Það er svo mikill munur að hafa góðan texta. Það er kosturinn við textaleikhúsið.

Tvær skammar klukkustundir

Sýningin öll er samfellt merki um vogun við fátækar aðstæður. Allir eru að og koma inn í sviðið í staðfastri vissu að það er stór tilraun í gangi – í hraðanum er afslappað en öruggt yfirbragð. Fjörugt og heillandi fas með einföldum boðum í hverri hreyfingu. Er ekki yfir neinu að kvarta, spyr lesandinn? Fyndnar og sjálfhverfar vísanir í uppsagnir leikhúsanna nýlega, tónlist sem á köflum var óttalegt musak – þetta skiptir ekki máli í hinni stóru mynd. Þá er þetta sérkennilega karllæg sýning: er fáanlegri betri texti nú um stundir til femínískrar túlkunar? Það er ástæða til að óska hópnum – stjórn sýningarinnar og ungum og eldri leikurum til lukku með skemmtilega og leiftrandi sýningu. Okkur gefst ekki betri draumleikur í tvær skammar klukkustundir á eynni í bráð og lengd.

Páll Baldvin Baldvinsson